

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Samiðnar**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins vegna meistarafélaga í byggingariðnaði innan SI / SA**

**1.gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Samiðnar og SA vegna meistarafélaga í byggingariðnaði innan SI / SA.

**2. gr.**

**Launabreytingar á samningstímanum**

**Launabreytingar 1. maí 2015**

**Launaþróunartrygging starfsmanna sem hófu störf fyrir 1. febrúar 2014**

Starfsmönnum sem hófu störf hjá launagreiðanda fyrir 1. febrúar 2014 er tryggð lágmarkslaunaþróun á tímabilinu frá 2. febrúar 2014 til 30. apríl 2015 samkvæmt fylgiskjali 1 sem er hluti samnings þessa.

Hafi starfsmaður ekki notið lágmarkslaunaþróunar skulu laun hækka 1. maí 2015 svo henni sé náð.

Starfsaldurshækkanir launa í fastmótuðum launakerfum í fyrirtækja- eða vinnustaðasamningum og launahækkanir vegna sveinsprófs skulu ekki koma til frádráttar við útreikning launaþróunartryggingar.

Hækkun launa og launatengdra liða samkvæmt ákvæði þessu getur aldrei verið lægri en 3,2%.

**Launabreyting starfsmanna sem hófu störf á tímabilinu 1. febrúar 2014 til 31. desember 2014**

Nú hefur starfsmaður hafið störf á tímabilinu frá 1. febrúar 2014 til loka desember 2014 og hækka þá laun hans og launatengdir liðir um 3,2% frá gildistöku samnings þessa.

**Frávik vegna gjaldþrots og uppsagna af völdum verkefnaskorts**

Starfsmenn sem hófu störf hjá nýjum vinnuveitanda vegna uppsagna af völdum verkefnaskorts eða í kjölfar gjaldþrots á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2014 skulu taka sömu hlutfallshækkan launa og samstarfsmenn í sömu störfum.

**Launasamanburður**

Við samanburð launa skal miða við föst viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast, þ.m.t. fastri yfirvinnu.

Ef „föst yfirvinna“ í skilningi þessarar greinar er árstíðabundin eða hefur tekið breytingum á viðmiðunartímabilinu þá skal við launasamanburð einungis bera saman laun með yfirvinnugreiðslum sem hafa verið fastar allt viðmiðunartímabilið

**Afkastatengd launakerfi**

Launaþróunartrygging nær ekki til launamanna sem starfa í afkastatengdum launakerfum þar sem laun vegna frammistöðu eru meginhluti launa.

### **Launabreytingar 1. maí 2016**

#### Launaþróunartrygging starfsmanna sem hófu störf fyrir 1. maí 2015

Starfsmönnum sem hófu störf hjá launagreiðanda fyrir 1. maí 2015 er tryggð 5,5% lágmarkslaunaþróun á tímabilinu frá 2. maí 2015 til 30. apríl 2016, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Kauptaxtar kjarasamnings taka sömu hækjun.

Hafi starfsmaður ekki notið lágmarkslaunaþróunar skulu laun hækka 1. maí 2016 svo henni sé náð.

Starfsaldurshækkanir launa í fastmótuðum launakerfum í fyrirtækja- eða vinnustaðasamningum og launahækkanir vegna sveinsprófs skulu ekki koma til frádráttar við útreikning launaþróunartryggingar.

#### Launabreyting starfsmanna sem hófu störf á tímabilinu 1. maí 2015 til 31. desember 2015

Nú hefur starfsmaður hafið störf á tímabilinu frá 1. maí 2015 til loka desember 2015 og hækka þá laun hans og launatengdir liðir um 3,2% frá 1. maí 2016.

#### Frávik vegna gjaldþrots og uppsagna af völdum verkefnaskorts

Starfsmenn sem hófu störf hjá nýjum vinnuveitanda vegna uppsagna af völdum verkefnaskorts eða í kjölfar gjaldþrots á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2015 skulu taka sömu hlutfallshækjun launa og samstarfsmenn í sömu störfum.

#### Launasamanburður

Við samanburð launa skal miða við föst viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast, þ.m.t. fastri yfirvinnu.

Ef „föst yfirvinna“ í skilningi þessarar greinar er árstíðabundin eða hefur tekið breytingum á viðmiðunartímabilinu þá skal við launasamanburð einungis bera saman laun með yfirvinnugreiðslum sem hafa verið fastar allt viðmiðunartímabilið

#### Afkastatengd launakerfi

Launaþróunartrygging nær ekki til launamanna sem starfa í afkastatengdum launakerfum þar sem laun vegna frammistöðu eru meginhluti launa.

### **Launabreytingar 1. maí 2017**

Þann 1. maí 2017 hækka laun og launatengdir liðir um 3,0%.

Kauptaxtar kjarasamnings þessa hækka frá sama tíma um 4,5%.

### **Launabreytingar 1. maí 2018**

Þann 1. maí 2018 hækka laun og launatengdir liðir um 2,0%.

Kauptaxtar kjarasamnings þessa hækka frá sama tíma um 3,0%.

### **3. gr.**

#### **Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi kauptaxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal. Kauptaxtar gilda frá 1. maí 2015 og taka á samningstímanum breytingum skv. 2. gr. Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 7,2% þann 1. maí 2015, 5,5% þann 1. maí 2015, 3,0% þann 1. maí 2017 og 2,0% 1. maí 2018, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

#### Taxtar faglærðra færðir nær greiddum launum

Með samningnum eru lágmarkskauptaxtar faglærðra færðir nær greiddum launum í greininni. Nýir kauptaxtar eiga ekki sjálfkrafa að leiða til hækkunar umfram almennar launahækkanir skv. 2. gr. Þá skulu launabreytingar samkvæmt samningi þessum í engum tilvikum leiða til minni launahækkanar en sem nemur launahækjun skv. 2. gr. Sjá nánar meðfylgjandi bókun um taxtabreytingarnar.

Starfsmaður sem kýs að halda þeim greiðslum sem hann hefur haft umfram taxta kjarasamnings skal tilkynna vinnuveitanda það skriflega innan 30 daga frá gildistöku samnings þessa. Kemur þá hækjun skv. 2. gr. á laun hans en kauptaxti hans hækkar ekki að örðru leyti.

### **4. gr.**

#### **Ákvæðisvinna**

Reiknitölur ákvæðisvinnu verða sem hér segir frá 1. maí 2015:

Húsasmíðir	10,23
Málarar	7,43
Múrarar	97,79
Pípulagningamenn	12,28

Reiknitölur hækka um 5,5% 1. maí 2016, 3,0% 1. maí 2017 og 2,0% 1. maí 2018. Sjá nánar bókanir um ákvæðisvinnu múnara, málara og pípulagningamanna. Ákvæði um orlofs- og desemberuppbót í gr. 15.1.2. fellur brott sem og gr. 15.1.6.2. Orðið „trésmiða“ í gr. 15.1.6.1. fellur brott.

### **5. gr.**

#### **Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2015 kr. 78.000.

Á árinu 2016 kr. 82.000.

Á árinu 2017 kr. 86.000.

Á árinu 2018 kr. 89.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 verði orlofsuppbót kr. 42.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 verði orlofsuppbót kr. 44.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 verði orlofsuppbót kr. 46.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 verði orlofsuppbót kr. 48.000.

## 6. gr.

### Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi hvílir á þremur meginforsendum sem eru að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum, að launastefna hans verði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamningagerð og að fullar efndir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samninginn.

Sérstök nefnd skipuð af SA og fulltrúum tilnefndum af samninganefndum þeirra aðildarfélaga ASÍ sem að samningsforsendum þessum standa skal taka þegar til starfa og meta hvort eftirfarandi forsendur hafi staðist:

1. Í febrúar 2016 skal nefndin fjalla sameiginlega um það hvort þær stjórnvaldsákvarðanir og lagabreytingar sem heitið er og fram koma í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar dags. 29. maí 2015 hafi náð fram að ganga. Nefndin skal tilkynna fyrir lok febrúar 2016 hvort sú forsenda hafi staðist.
2. Í febrúar 2016 skal nefndin meta hvort sú launastefna og þær launahækkanir sem í samningnum felast hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Nefndin skal tilkynna fyrir lok febrúar 2016 hvort sú forsenda hafi staðist.

Í febrúar 2017 skal nefndin meta hvort sú launastefna og þær launahækkanir sem í samningnum felast hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Nefndin skal tilkynna fyrir lok febrúar 2017 hvort sú forsenda hafi staðist.

3. Í febrúarmánuðum 2016, 2017 og 2018 skal nefndin fjalla um hvort markmið samningsaðila um aukinn kaupmátt launa hafi gengið eftir.

Fari svo að einhver af ofangreindum forsendum standist ekki skal kalla saman sameiginlegan fund samninganefnda ofangreindra aðila og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Náist ekki samkomulag um viðbrögð skal sá ofangreindra aðila (þ.e. SA eða sameiginleg viðræðunefnd stéttarfélaganna) sem ekki vill að samningurinn haldi gildi sínu skýra frá þeirri ákvörðun og rökstyðja hana. Fellur samningurinn þá úr gildi frá lokum apríl 2016 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2016 vegna endurskoðunar 2016, en frá lokum apríl 2017 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2017 vegna endurskoðunarinnar 2017 og frá lokum apríl 2018 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2018 vegna endurskoðunarinnar 2018.

## 7. gr.

### Gildistími og atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga miðvikudaginn 15. júlí 2015.

## 8. gr.

### Fylgiskjöl

Í eftirtöldum fylgiskjöllum eru bókanir og breytingar á einstökum köflum kjarasamnings, þ.m.t:

Fylgiskjal 1 – launaþróunartrygging vegna launabreytinga 1. maí 2015

Kauptaxtar á samningstímabilinu


Breytingar á ákvæðum aðalkjarasamnings

### Bókanir


- Bókun um breytingar á launatöxtum 1. maí 2015
- Bókun um sveigjanleg starfslok
- Bókun um viðræður um skipulag vinnutíma
- Bókun um mat á námi til launa
- Sameiginleg ákvæði og bókanir ASÍ félaga

Reykjavík 22. júní 2015

F.h. Samiðnar

  
Helmar Harðarson  
Dinliðsþjónustuver

F.h. Samtaka atvinnulífsins  
vegna meistarafélaga í byggingariðnaði  
innan SI / SA

  
Sigurður Þórhilsson  
María Guðmundsson  
Rúnar Þórður Kálfsson

**Fylgiskjal 1 – launaþróunartrygging vegna launabreytinga 1. maí 2015**

<b>Launaþróunartrygging, mán.laun</b>		
<b>Frá</b>	<b>Til</b>	<b>Hækkun</b>
300.000	kr. og lægri	7,2%
300.001	310.000	7,1%
310.001	320.000	7,0%
320.001	330.000	6,9%
330.001	340.000	6,8%
340.001	350.000	6,8%
350.001	360.000	6,7%
360.001	370.000	6,6%
370.001	380.000	6,5%
380.001	390.000	6,4%
390.001	400.000	6,3%
400.001	410.000	6,2%
410.001	420.000	6,1%
420.001	430.000	6,1%
430.001	440.000	6,0%
440.001	450.000	5,9%
450.001	460.000	5,8%
460.001	470.000	5,7%
470.001	480.000	5,6%
480.001	490.000	5,5%
490.001	500.000	5,4%
500.001	510.000	5,4%
510.001	520.000	5,3%
520.001	530.000	5,2%
530.001	540.000	5,1%
540.001	550.000	5,0%
550.001	560.000	4,9%
560.001	570.000	4,8%
570.001	580.000	4,7%
580.001	590.000	4,7%
590.001	600.000	4,6%
600.001	610.000	4,5%
610.001	620.000	4,4%
620.001	630.000	4,3%
630.001	640.000	4,2%
640.001	650.000	4,1%
650.001	660.000	4,0%
660.001	670.000	4,0%
670.001	680.000	3,9%
680.001	690.000	3,8%
690.001	700.000	3,7%
700.001	710.000	3,6%
710.001	720.000	3,5%
720.001	730.000	3,4%
730.001	740.000	3,3%
740.001	750.000	3,3%
750.001	og yfir	3,2%

Við samanburð launa skal miða við föst viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags-eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast, þ.m.t. fastri yfirvinnu



## Breytingar á ákvæðum aðalkjarasamnings

### Við grein 1.1.4 bætist ný málsgrein

Við ráðningu skal upplýsa starfsmann um hvort orlofs- og desemberuppbætur séu innifaldar í umsöndu tímakaupi og skal það jafnframt tilgreint á launaseðli. Á launaseðli skal sérstaklega tilgreina fjárhæð uppbóta og aðgreina frá tímakaupi.

Gildir frá 1.5.2016: Ákvæði um greiðslu uppbóta jafnharðan falla brott.

### Ný gr. 1.1.7, vinna við jarðgangagerð, orðist svo:

Iðnaðarmenn sem vinna í stafni við jarðgangagerð fá álag á laun eins og aðrir starfsmenn í borflokk enda gangi þeir inn í það vinnufyrirkomulag sem um borflokkinn gildir.

Grein 1.5.2. fellur brott frá og með 1. janúar 2016. Heimilt er vinnuveitanda og starfsmanni að breyta framkvæmd fyrr.

(Skýring í bókun: Greiðsla vegna rauðra daga sem hluti tímakaups er 4,59% ofan á dagvinnulaun og kemur sú greiðsla í stað dagvinnulauna fyrir helgidaga. Greiðsla þessi fellur niður eigi síðar en 1. jan. 2016 og þess í stað greiðast laun á helgidögum skv. gr. 2.4. Til að finna út tímakaup án greiðslu fyrir rauða daga er dagvinnutímaup margfaldað með 0,957. Ef tímakaup er ekki lækkað í tengslum við þessa breytingu er heimilt að líta til þeirrar launahækkunar við mat á launaþróun fram til 1.5. 2016)

### Við grein 1.12.1 bætist:

Þegar um tímabundnar ráðningar / verkefnaráðningar er að ræða er miðað við að skrifleg staðfesting ráðningar liggi fyrir áður en til fyrstu launaútborgunar kemur.

### Við grein 3.6.1.1. bætist ný málsgrein

Ef vinnuveitandi skipuleggur vinnu þannig að starfsmaður þarf að mæta í eigin tíma og á eigin kostnað á mismunandi vinnustöðum innan sama mánaðar, þremur eða fleiri, skal koma til móts við aukinn kostnað starfsmanns eða bjóða upp á flutning frá verkstæði/starfsstöð í eigin tíma starfsmanns. Það teljast mismunandi vinnustaðir ef meira en 2 km eru á milli vinnustaða. Endurgreiðsla kostnaðar miðast við 11,11 km akstur á dag þann mánuðinn m.v. akstursgjald Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. (Ákvæði þetta gildir frá 1.5. 2016)

### Grein 3.6.2. orðist svo:

Utan höfuðborgarsvæðis ber að miða við svæði sem afmarkast af 12 km radíus frá miðkjarna hvers þéttbýliskjarna. Þó á starfsmaður við þessar aðstæður rétt á flutningi á kostnað vinnuveitanda ef vinnustaður er meira en 5 km utan byggðamarka viðkomandi þéttbýliskjarna eða akstursleið lengri en 12 km frá miðkjarna, en í eigin tíma og án fæðisgreiðslna.

### Breyting á gr. 3.7.1.6. Annar málslíður orðist svo:

Skal þá greiða þeim eftir reikningi eða dagpeninga sem frá og með 1. maí 2015 eru kr. 3.000 á dag sé um eina máltíð að ræða og kr. 6.000 á dag sé um tvær máltíðir að ræða.

### Ný gr. 3.7.3. orðist svo:

Ef starfsmaður er sendur á vegum fyrtækis til að dvelja fjarri ráðningarástað meira en tvær nætur skal samið um fjarvistarálag, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir þóknun vegna slíksra fjarvista við ákvörðun launa.

### Vegna 8. kafla kjarasamnings

Fyrir neðan 1.mgr. þess kafla sem fjallar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma komi skýringarkassi:

#### Skýring

Óvinnufærni af völdum slyss getur hvort heldur komið fram strax eftir slys eða síðar. Um sönnun og orsakatengsl fer samkvæmt almennum reglum.

#### Ákvæði kjarasamninga um gildissvið dánar-,slysa- og örorkutrygginga breytist þannig:

Skylt er atvinnureknda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegrí læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis sem og frá vinnustað og til vinnustaðar í neysluhléum. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

#### Tryggingar vegna starfa erlendis

Ákvæðið um slys af völdum vélknúinna ökutækja í dánar-, slysa- og örorkutryggingakafla kjarasamninga breytist þannig:

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi og eru bótaskyld samkvæmt lögboðinni ökutækjatryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.

#### Útreikningur veikindaréttar

Fyrir neðan ákvæði um laun í veikindum (heildarréttur á 12 mánaða tímabili) komi skýringarkassi:

#### Skýring

Veikindaréttur miðast við greidda veikindadaga á 12 mánaða launatímabili. Þegar starfsmaður verður óvinnufær er við upphaf veikinda litið til þess hversu margir dagar hafa verið greiddir á síðustu 12 launamánuðum og dragast þeir frá áunnum veikindarétti. Hafi starfsmaður verið launalaus á tímabili telst það tímabil ekki með við útreikning.

#### Í stað 1. mgr. greinar 13.2. koma tvær málsgreinar sem orðist svo:

Sveinar sem eru félagsmenn í aðildarfélögum Samiðnar og er falin verkstjórn, skal greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð. Álag skal vera umsamið milli aðila, allt eftir eðli og umfangi starfsins ásamt ábyrgð sem því fylgir og ekki vera lægra en fyrir flokksstjórn.

Aðild sveina að aðildarfélögum Samiðnar kemur á engan hátt í veg fyrir að sveinum sé falin verkstjórn enda taki þeir á sig allar skyldur sem því fylgir.

## **Bókanir með kjarasamningi**

### **Bókun um breytingar á launatöxtum 1. maí 2015**

Kjarasamningur aðila miðar að því að fára launataxta faglærðra nær greiddu kaupi án sjálfkrafa hækkunar á launum sem hærrí eru en nýju taxtarnir. Minnsta hækkun skal þó í hvert skipti vera eins og segir í 2. gr. samningsins.

Við mat á því hvort breytingar á launatöxtum gefi tilefni til hækkunar launa sem fyrir gerð samningsins voru hærrí en launataxtinn, ber að leggja við launataxtann allar aukagreiðslur fyrir dagvinnu, aðrar en endurgjald á útlögðum kostnaði. Engu skiptir hvaða nafni þær aukagreiðslur nefnast og hvort þær eru fastar eða breytilegar, tengdar afköstum eða öðru.

Þannig eiga laun sem t.d. eru samsett af taxtakaupi og prósentuálagi að reiknast sem ein upphæð. Reynist heildardagvinnulaun hærrí en viðkomandi launataxti þá eiga þau laun ekki að hækka nema sem svarar almennri hækkun skv. 2. gr. samnings þessa. Af þessu leiðir að samsetning dagvinnulaunanna breytist. Dagvinnulaun hækka til samræmis við nýju taxtana en álagshlutfallið lækkar tilsvarendi saman og vegur þ.a.l. minna í heildarlaununum en áður.

### **Bókun um sveigjanleg starfslok**

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að starfsmenn eigi kost á ákveðnum sveigjanleika þegar kemur að starfslokum vegna aldurs. Þarfir og aðstæður fólks á vinnumarkaði eru mismunandi og með hækkandi lífaldri og bættu heilsufari er algengt að fólk haldi fullu starfsþreki og vilja til þátttöku á vinnumarkaði fram yfir lífeyrisaldur. Sveigjanleiki við starfslok getur falist í minnkuðu starfshlutfalli síðustu ár starfsævinnar sem og heimild til þess að halda áfram vinnu fram yfir lífeyrisaldur fyrir þá sem búa yfir fullu starfsþreki og vilja til að vera áfram virkir á vinnumarkaði. Mikilvægt er að taka tillit til aðstæðna hvers og eins.

Sveigjanlegur starfslokaaldur hefur verið til umfjöllunar í nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög um almannatryggingar og aðilar vinnumarkaðarins eiga aðild að. Nefndin er sammála um að lög beri að stuðla að auknum einstaklingsbundnum sveigjanleika og hefur m.a. verið fjallað um hækkun lífeyrisaldurs í 70 ár í áföngum og að heimila frestun á töku lífeyris til 80 ára aldurs í stað 72 ára nú, gegn hækkun mánaðarlegs lífeyris viðkomandi.

Undanfarna ártugi hafa ævilíkur aukist og meðalævi lengst um allan heim. Sífellt fleiri lifa lengur og eru heilsuhraustari á efri árum. Þessi þróun kallar á endurmat á starfslokaaldri. Flest nágrannaríki okkar hafa hækkað lífeyrisaldur af þessum ástæðum.

Gildi vinnunnar fyrir andlega og líkamlega líðan fólks er ótvírett og fer skilningur á því vaxandi. Vinnuframlag eldri starfsmanna er mikilvægt og fer vaxandi með minnkandi náttúrulegri fjölgun starfsmanna á vinnumarkaði vegna breytrar aldurssamsetningar.

### **Bókun um viðræður um skipulag vinnutíma**

Aðilar kjarasamningsins stefna að breytingum á skilgreiningum vinnutíma og nálgast þannig skipulag vinnutíma sem algengast er á Norðurlöndum. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að fjölskylduvænum vinnumarkaði með styrti heildarvinnutíma, sem jafnframt getur falið í sér hagræðingu og einföldun launakerfa á öllum vinnumarkaðnum.

Í viðræðum um breytingu vinnutímaákvæða kjarasamninga verður m.a. fjallað um upptöku „virks vinnutíma“ og endurskoðun álagstímabila og álagsgreiðslna vegna vinnu utan dagvinnutímabilis.

Álagsgreiðslur vegna vinnu utan skilgreinds dagvinnutímabils eru hærri hér á landi en almennt gerist á Norðurlöndunum og hefur það m.a. þau áhrif að dagvinnulaun eru lægra hlutfall heildarlauna.

Meginmarkmið breytinga verður að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum og hvetja til umræðu á vinnustöðum um bætt skipulag vinnutíma og aukna framleiðni. Með því færst íslenskur vinnumarkaður nær því fyrirkomulagi sem þekkist víða á Norðurlöndunum. Bætt skipulag getur einnig stuðlað að styttri vinnutíma og þar með að fjölskylduvænni vinnumarkaði. Breytingar í þessa veru bæta stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði, bæði hvað varðar vinnutíma og grunnlaun, og getur þannig styrkt stöðu Íslands í samkeppni um starfsfólk.

Gagn vinnutímabreytingum hækka launataxtar kjarasamninga auk þess sem lágmarkslaun einstakra starfa geta tekið breytingum ef sérstaklega þarf að bregðast við áhrifum breyttra álagsgreiðslna. Lágmarkstekjur trygging mun þó ekki hækka.

Aðilar samkomulagsins munu skipa í vinnuhópa fyrir júlílok 2015 til þess að vinna að undirbúningi breytinga á vinnutímaákvæðum kjarasamninga. Um skipulag viðræðna skal gerð sérstök viðræðuáætlun, sbr. 23. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Stefnt er að því að samkomulag liggi fyrir í október 2016 og verði það boríð undir atkvæði í nóvember 2016. Vinnutímabreytingar og launabreytingar því samhliða tækju gildi 1. maí 2017. Aðilar munu frá upphafi vinnunnar leita liðsinnis ríkissáttasemjara við verkstjórn.

Um atkvæðagreiðslu verður samið sérstaklega.

### Bókun um mat á námi til launa

Iðnaðarmannafélögin og Samtök atvinnulífsins, munu vinna að því að meta framhaldsnám og sérhæfingu að loknu sveinsprófi, eða formlegu lokaprófi, til launa.

Áætlun verði gerð um greiningu á öðru starfsnámi og sérþekkingu tengdum greinunum með aðkomu beggja aðila, þar sem hæfnijættir starfa verða settir upp í námskrá.

Nefnd samningsaðila, þrír frá iðnaðarmönnum og þrír frá SA, mun hefja störf eigi síðar en 1. október 2015.

Stefnt er að nám, námskeið og/eða raunfærmimat, þar sem við á, verði sett af stað á grundvelli þessarar vinnu haustið 2016.

Fyrir 1. okt. 2016 skal liggja fyrir með hvaða hætti skuli greitt fyrir þá hæfni sem metin er í starfi.

### Bókun um eflingu iðngreina

Samningsaðilar eru sammála um að taka upp sérstakt samstarf í því skyni að efla iðngreinar og bæta ímynd þeirra með það að markmiði að laða ungt fólk inn í iðngreinar. Jafnframt verði unnið að því að bæta vinnuumhverfi, kynna kosti hvatakerfa sem bætt geta hag starfsfólks og fyrirtækja og efla hæfi starfsfólks með áframhaldandi samstarfi um menntamál iðngreinanna.

Til að ná framangreindum markmiðum munu samningsaðilar skipa framkvæmdanefnd sem hafi yfirumsjón með verkefninu. Verkefnið verður unnið í samstarfi við stjórnvöld og fræðslustofnanir samtakanna

Stefnt skal að því að búið verði að skipa í framkvæmdanefndina 1. október 2015

### Bókun um heildarendurskoðun réttinda vegna veikinda og slysa

SA og iðnaðarmannafélögin telja mikilvægt að farið verður í vinnu við að endurskoða í heild réttindi á vinnumarkaði þegar starfsmenn eru fjarverandi frá vinnu af völdum veikinda eða slysa. Tryggja verður eins og kostur er kerfi þar sem samsplil veikindalauna frá vinnuveitanda, greiðslur úr sjúkrasjóðum og almannatryggingum og bætur úr slysatryggingum mynda heilstætt réttindakerfi. Sérstaklega verði fjallað um stöðu þeirra sem eru að koma aftur inn á vinnumarkaðinn eftir langtímoveikindi og slys og reynt að tryggja eins og kostur er að

fjárhagslegar forsendur starfsmanns eða vinnuveitanda standi því ekki í vegi að starfsmaður hefji aftur störf. Jafnframt verði skoðað að samræma veikindarétt í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Óskað verður eftir þátttöku annarra aðildarfélaga ASÍ við vinnu að endurskoðun.

### Bókun um átek til að auka framleiðni

Samningsaðilar eru sammála um að leita þurfi leiða til að auka framleiðni í iðnaði. Breytingar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga, m.a. upptaka „virks vinnutíma“ getur haft í för með sér bætt skipulag á vinnustöðum og aukna framleiðni sem leiðir til styttri heildarvinnutíma og vísast til sérstakrar bókunar um vinnu við þær breytingar. Samhliða þeirri vinnu eru aðilar sammála um að þróa samstarf um að auka vitund launamanna og atvinnurekenda fyrir mikilvægi góðs skipulags vinnutíma og verkferla til að auka framleiðni. Ein af þeim leiðum sem skoðuð verði til að ná aukinni framleiðni er aukin notkun afkastahvetjandi launakerfa.

### Bókun um bakvaktir

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt er að skilgreina nánar fyrirkomulag þjónustu sem starfsmenn veita fyrirtækjum utan vinnutíma þar sem starfsmenn leysa verkefni án þess að mæta til vinnu á verkstað. Aðilar eru sammála um að leggja þurfi í greiningarvinnu, hefja skal vinnu í september 2015 og skuli allri vinnu lokið fyrir 31. desember 2015 með samkomulagi um viðmið sem stuðst skuli við þegar samið er um þóknun fyrir slíka vinnu.

### Bókun um eflingu vinnustaðaeftirlits

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að aukinni þátttöku ríkisskattstjóra í vinnustaðaeftirliti með það að markmiði að bæta virkni þess og sporna gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki.

### Bókun vegna aðstoðarfólks

Sérhæfðir aðstoðarmenn iðnaðarmanna, sem aðild eiga að Samiðn, skulu njóta lágmarkstekjutryggingar með sama hætti og annað verkafólk.

### Bókun um samfellt starf og áunnin réttindi

Með „samfelldu starfi“ í skilningi kjarasamninga er átt við að starfsmaður hafi verið í samfelldu ráðningarsambandi óháð því hvort hann hafi fallið tímabundið af launaskrá. Launalaust tímabil telst þó ekki hluti ráðningartíma við ávinnslu réttinda, ákveði lög eða kjarasamningar ekki annað sbr. t.d. lögbundið fæðingarorlof.

### Bókun um tjón á tönnum við vinnuslys

Aðilar munu sameiginlega fara þess á leit við vátryggingarfélög að vátryggingarskilmálum vegna slysatryggingar launþega verði breytt á þann veg að bættur verði nauðsynlegur kostnaður vegna tannbrots af völdum slyss við vinnu og umfram er greiðsluþátttöku samkvæmt lögum um almannatryggingar. Um fyrirvara fer að öðru leyti samkvæmt lögum um almannatryggingar og skilmálum vátryggingarfélaga.

### Bókun um könnun á framkvæmd uppsagna

Á samningstímanum mun aðilar sammælast um spurningar sem lagðar verði annars vegar fyrir félagsmenn stéttarfélaganna og hins vegar fyrir aðildarfyrirtæki SA í könnunum sem aðilar annast sjálfur, þar sem leitast verður við að kanna almenna framkvæmd og þekkingu á ákvæðum kjarasamninga um uppsagnir ( form, frestir, viðtöl ).

## Bókun um endurskoðun orlofslaga

Á samningstímanum munu aðilar sameiginlega fara þess á leit við stjórnvöld, að orlofslög verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að kveða skýrar á um réttindi og skyldur aðila.

## Yfirlýsing um lífeyrismál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu og að unnið verði að framgangi hennar á samningstímanum.



## Bókun v. verðskrár pípulagningarmanna

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða ákvæðisvinnukerfi pípulagningarmanna með það að markmiði að fjarlægja þeim sem vinna samkvæmt því.


Veðskrá verði endurskoðuð með það að markmiði að margfeldi reiknitölu og taxtamínúta gefi að meðaltali jafnt og meðaltalsmæling annarra mælingakerfa í byggingaiðnaði.

Aðilar eru einnig sammála um að standa fyrir kynningarátaki meðal félagsmanna Samiðnar sem vinna í pípulögnum og félagsmanna SI um kosti þess að vinna í ákvæðisvinnu.


Samningsaðilar eru sammála um að reiknitala sú sem gefin er út með samningi þessum innihaldi ekki álag vegna helgidaga né desember eða orlofsuppbætur.

Reykjavík 22. júní 2015

F.h. Samtaka iðnaðarins



F.h. Samiðnar



## Bókun v. verðskrár múnara

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða ákvæðisvinnukerfi múnara með það að markmiði að fjölgum þeim sem vinna samkvæmt því.

Til þess að ná þessu markmiði verður m.a. tilnefnt í verðskránefnd múnara og skal hvort aðili tilnefna 3 fulltrúa fyrir 15. júlí 2015.

Veðskrá verði endurskoðuð með það að markmiði að margfeldi reiknitölu og taxtamínúta gefi að meðaltali jafnt og meðaltalsmæling annarra mælingakerfa í byggingaiðnaði.

Aðilar eru einnig sammála um að standa fyrir kynningarátaki meðal félagsmanna Samiðnar sem vinna í múnverki og félagsmanna Sl um kosti þess að vinna í ákvæðisvinnu.

Samningsaðilar skipta með sér kostnaði af þeirri vinnu auk þess kostnaðar sem hlýst af kynningarátakinu en leggja skal kostnaðaráætlun fyrir áður en til framkvæmda kemur.


Samningsaðilar eru sammála um að reiknitala sú sem gefin er út með samningi þessum innihaldi ekki álag vegna helgidaga né desember eða orlofsuppbætur.

Reykjavík 22. júní 2015

F.h. Múnarameistarafélag Reykjavíkur



F.h. Samiðnar



## Bókun v. verðskrár málara

Málarameistarafélagið og Samiðn eru sammála að endurskoða ákvæðisvinnukerfi málara með það að markmiði að gera það að virku kerfi.

Endurvekja þarf verðskrárnefnd málara og skal hvor aðili tilnefna fyrir 15. ágúst 2015 þrjá aðila sem hafa veg og vanda af endurskoðuninni. Samningsaðilar skipta með sér kostnaði af þeirri vinnu auk þess kostnaðar sem hlýst af kynningarátakinu.

Til að virkja kerfið þarf að fara í kynningu á kerfinu meðal félagsmanna Málarameistarfélagsins og félagsmanna aðildarfélaga Samiðnar.

Meðan verið er að endurskoða kerfið þarf að framkvæma tilraunamælingar á sem flestum verkþáttum málaraiðnar. Í byrjun skal leggja áherslu á málningarvinnu í nýjum húsum að innan sem utan.

Markmið verðlagningar er að margfeldi reiknitölu og taxtamínúta gefi að meðaltali jafnt og meðaltalsmæling annarra mælingakerfa í byggingaiðnaði.

Samningsaðilar eru sammála að reiknitala sú sem gefin er út með samningi þessum innihaldi ekki álag vegna helgidaga né desember eða orlofsuppbætur.

Reykjavík 22. júní 2015

F.h. Málarameistarafélagsins

F.h. Samiðnar

Launataxtar Samiðnar Sambands iðnfélaga og Meistarafélagar í byggingaiðnaði innan SI

	1.maí.15	1.maí.16	1.maí.17	1.maí.18
Byrjunartaxti sveins	335.515 kr.	353.080 kr.	372.499 kr.	389.262 kr.
Lágmarkstaxti eftir 3 ár í greininni	339.694 kr.	357.553 kr.	377.218 kr.	394.193 kr.
Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu	346.610 kr.	364.773 kr.	384.836 kr.	402.153 kr.
Lágmarkstaxti starfsm. með faglega ábyrgð eða meistarapróf eða tvö sveinsbréf sem nýtast í starfi	354.477 kr.	373.230 kr.	393.758 kr.	411.477 kr.
	361.885 kr.	381.789 kr.	393.242 kr.	401.107 kr.
	362.640 kr.	382.585 kr.	394.063 kr.	401.944 kr.
	370.333 kr.	390.701 kr.	402.422 kr.	410.471 kr.
	378.292 kr.	399.098 kr.	411.071 kr.	419.292 kr.
	386.527 kr.	407.786 kr.	420.020 kr.	428.420 kr.
	395.046 kr.	416.774 kr.	429.277 kr.	437.862 kr.
	403.861 kr.	426.073 kr.	438.856 kr.	447.633 kr.
	412.980 kr.	435.694 kr.	448.765 kr.	457.740 kr.
	422.415 kr.	445.648 kr.	459.017 kr.	468.198 kr.
	432.177 kr.	455.947 kr.	469.625 kr.	479.018 kr.
	442.275 kr.	466.600 kr.	480.598 kr.	490.210 kr.

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "Jón M. Þorláksson".